



Menningar- og friðarsamtökin MFÍK

Aðalfundur MFÍK verður haldinn þann 30. janúar kl. 19:00 í
Friðarhúsinu
(á horni Snorrabrautar og Njálsgötu)

Svavar Knútur Kristinsson trúbadúr mun
leika og syngja nokkur lög í upphafi fundar.

Léttur kvöldverður verður
seldur á hóflegu verði.

Fundurinn er öllum opinn.
Fjölmönnum og tókum með okkur gesti.

Kæru félagar

Áramót eru tími óska og áheita. Hverjar eru óskir okkar félaga í Menningar- og friðarsamtökunum MFÍK?

Við getum byrjað á því að óska þess að íbúar heims þurfi ekki að horfa upp á ný átök og að þeir eldar sem nú loga muni slokkna sem fyrst. Konur og börn eru alltaf stór hluti fórnarlamba stríðsátaka og þess vegna ekki hægt að færa þeim betri gjöf en frið.

Við getum óskað þess að hvarvetna um heim hafi einstaklingurinn tjáningarfrelsi og geti lifað frjáls án hafta harðlínu og einræðis.

Við getum óskað þess að mismunun vegna uppruna, litarháttar, kynhneigðar eða þeirrar einföldu ástæðu að viðkomandi er kona, heyri sögunni til.

Við getum óskað þess að um allan heim en ekki síst hér á Íslandi muni ofbeldi gegn konum minnka.

Við getum óskað þess að ýmsar breytingar varðandi uppeldi barna muni auka jafnrétti í samfélaginu.

Við getum óskað þess að börn 21. aldar fái að lifa í kjarnorkuvopnalausum heimi.

Við getum óskað þess að Ísland verði her- og vopnalaus land – land friðar.

Þar til óskir okkar rætast getum við hver fyrir sig og sameinaðar í MFÍK lagt okkar lóð á vogarskálina. **Betri heimur er mögulegur – og við ætlum að taka þátt í að skapa hann!**

World Social Forum

World Social Forum er opinn ráðstefnuvettvangur þar sem baráttufólk fyrir friði og félagslegu réttlæti hittist, heldur fundi, ber saman bækur sínar, stofnar tengsl sín á milli og leggur línurnar um framkvæmd hugðarefna sinna. Þar hittast einstaklingar á eigin vegum, grasrótarsamtök, friðarsamtök, fólk úr verkalýðshreyfingum og mannréttindasamtökum, feministar og fræðafólk svo eitthvað sé nefnt – fólk sem á það sameiginlegt að berjast af heitu hjarta fyrir betri heimi.

World Social Forum hefur verið haldið víðs vegar um Evrópu frá árinu 2001 og í fyrra, árið 2007, var það haldið í fyrsta sinn í Bandaríkjunum.

World Social Forum í Svíþjóð 2008

Nú er komið að Norðurlöndunum að skipuleggja ráðstefnuna og verður hún í Malmö í Svíþjóð 17. - 20. september næstkomandi. Reiknað er með að ríflega 20.000 manns mæti þessa fjóra daga og sækji fundi og fyrirlestra, uppákomur, kappræður og kvikmyndir sem fjalla um þau efni og álitamál sem hæst ber í Evrópulöndum nú. Af nógu er að taka s.s. vaxandi misrétti milli landa álfunnar, óréttláta vinnulöggjöf, baráttu við mengun og hververk á náttúrunni, velferðakerfi á krossgötum, mansal, ólíka stefnumörkun í þróunarhjálp og friðar- og afvopnunarmálum.

Baráttuhópar og samtök sem stefna að sama marki fá þarna tækifæri til að tengjast sterkari böndum, og einhenda sér í þau verk sem þarf að vinna. European Social Forum er kjörinn og kærkominn vettvangur fyrir þessa hópa og opin og sjálfsprottin uppbygging ráðstefnunnar beinlínis kallar á kraft og innblástur.

Við hvetjum alla til þátttöku, mestu eldhugarnir geta stungið upp á verkefnum og boðið sig fram sem skipuleggjendur, fótgönguliðar taki dagana frá og hafi samband við hugsanlega ferðafélaga (t.d. innan MFÍK) á þessa stærstu fjöldasamkomu skoðanasystkina í Evrópu.

Sjá nánar:

<http://www.fse-esf.org> og <http://esf2008.org>

Framundan hjá MFÍK:

30. janúar – Aðalfundur MFÍK 2008 í Friðarhúsi.

Fundurinn hefst með sameiginlegri máltíð kl. 19:00.

6. febrúar – Fyrsti undirbúningsfundur fyrir Alþjóðlegan baráttudag kvenna 8. mars haldinn í Friðarhúsi kl. 17:00.

8. mars – Alþjóðlegur baráttudagur kvenna fyrir friði og jafnrétti haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur laugardaginn 8. mars kl. 14:00.

9. apríl - Opinn félagsfundur í Friðarhúsi.

Gestur fundarins verður Helga Kress. Hún mun tala um ævi og verk Ólafar frá Hlöðum en þann 9. apríl verða liðin hundrað fimmtíu og eitt ár frá fæðingu skáldkonunnar.

Fundurinn hefst með léttum kvöldverði kl. 19:00.

**MFÍK vekur athygli á heimasíðu
Code Pink – Women for peace:**

<http://codepink4peace.org>